

✉ Re: Umsagnarbeiðni við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir Dynjandisheiði

Búið til	5.12.2022 12:46:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.12.2022 12:46:36
Tilheyrir	📁 202210-0030 - Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir Dynjandisheiði

Efni

Re: Umsagnarbeiðni við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir Dynjandisheiði

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	5.12.2022 12:46:36	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	helgathuridur@isafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,
Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202210-0030 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 25. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir Dynjandisheiði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 26. ágúst 2021 og einnig um frummatsskýrslu vegna framkvæmd veglagningarinnar, en sú umsögn er dags. 13. febrúar 2020.

Í umsögninni um skipulagslýsinguna kom fram að að Náttúrufræðistofnun telur almennt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa neikvæð áhrif á mikilvægar jarðminjar á svæðinu og ekki er talið að fágætar plöntur séu innan framkvæmdasvæðisins. Hins vegar að meta þyrfti aðra þætti vandlega m.a. áhrif á ásynd

og landslag og á lífríkis fjöru og grunnsævis við Meðalnesið. Þá var bent á að í Dynjandisvogi eru birkiskógar ríkjandi landvistgerð en hún er metin með hátt verndargildi og að mat á raski á birkiskógi ætti að meta þungt við samanburð á valkostum D og F. Þá var bent á að nýja vegstæðið mun raska votlendissvæði við Afréttarvatn og að þar sem gróin votlendissvæði eru almennt lítil á þessum slóðum geti reynst erfitt að bæta upp votlendi sem skerðast á hálendi með endurheimtaraðgerðum á votlendi. Allar mótvægisáðgerðir eru þó auðvitað til bóta. Lögð var áhersla á að lindasvæðinu á Hærriöxl, sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruuminjaskrár, verði hlífð og að framkvæmdir í nágrenni þess ógni því ekki á neinn hátt. Þá var bent á að gera þyrfti grein fyrir áhrifum hvers efnistökusvæðis.

Í þeirri aðalskipulagsbreytingu sem nú er kynnt hefur verið tekin ákvörðun um að velja valkost D fyrir veglínu í Dynjandisvogi m.a. vegna neikvæðra áhrifa á birkiskóg og ásýnd. Náttúrufræðistofnun telur það vera góða niðurstöðu.

Í umhverfismatskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að veglagningin mun hafa neikvæð áhrif á lífríki m.a. í votlendi og fjörum sem og birkiskóg. Náttúrufræðistofnun tekur undir þá niðurstöðu en jákvætt er að fjallað sé um mótvægisáðgerðir ss. nýtingu svarðlags við uppgræðslu á röskuðum svæðum. Einnig eru áhrif á landslag metin neikvæð m.a. vegna efnistökusvæða á Dynjandisheiði. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu umhverfismatsins.

Náttúrufræðistofnun ítrekar athugasemdir í fyrri umsögnum um mikilvægi þess að tryggja að ekkert rask verði við lindasvæðið á Hærriöxl og almennt um að draga úr öllu óþarfa raski, og vanda til verka nálægt viðkvæmum svæðum eins og votlendi, fjörum og birkiskógum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Helga Þuríður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>

To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "bolungarvik@bolungarvik.is" <bolungarvik@bolungarvik.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Eftirlit HEVF" <eftirlit@hevf.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "vesturbyggd@vesturbyggd.is" <vesturbyggd@vesturbyggd.is>; "sudavik@sudavik.is" <sudavik@sudavik.is>; "skrifstofa@reykholar.is" <skrifstofa@reykholar.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>

CC: "Skipulag" <skipulag@isafjordur.is>

Subject: Umsagnarbeiðni við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir Dynjandisheiði

Date: 25.10.2022 09:32:50

Góðan dag

Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn varðandi áforma Vegagerðarinnar, um að endurbyggja veg nr. 60 yfir Dynjandisheiði og veg nr. 63 Bildudalsveg, með það að markmiði að þeir nýtist sem heilsársvegir.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. 31. gr. skipulagslaga 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu vegar nr. 60 yfir Dynjandisheiði og fjögur ný efnistökusvæði (E21-E24). Um er að ræða veglínu D úr umhverfismati Vegagerðarinnar frá 16. mars 2020.

Umsagnarbeiðni þessi er einungis send út rafrænt. Ef sérstaklega er óskað eftir að fá erindið jafnframt sent útprentað í pósti þá látið skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar vita.

Óskað er eftir að umsagnir berist til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, stjórnsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, skriflega eða í tölvupósti á netfangið skipulag@isafjordur.is (mailto:skipulag@isafjordur.is) , **eigi síðar en 8. desember 2022.**

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa tölvupósts

Fylgigögn: Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Breyting á aðalskipulagi vegna vegar um Dynjandisheiði - tillaga til auglýsingar. Uppdráttur í mælikvarða 1:50.000, blaðstærð A2, dags. 8. júní 2022 og greinargerð ásamt umhverfismatsskýrslu.

Bestu þakkir
f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði
(<http://www.isafjordur.is/>), Ísafjarðarbær
450 8000 (tel:+3544508000) - www.isafjordur.is (<https://www.isafjordur.is>)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun (<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/isafjardarbaer-hlytur-jafnlaunavottun>) og silfurvottun EarthCheck (<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/earthcheck>). Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer. (<https://www.isafjordur.is/is/moya/page/fyrirvari-um-medferd-tolvuposts-sem-berst-fra-isafjardarbae>)